



Matvælaráðuneyti
Skúlagata 4
101 Reykjavík

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 24. febrúar 2023

Efni: Drög að þingsályktunartillögu um matvælastefnu

Matvælaráðuneytið óskaði þann 10. febrúar síðastliðinn eftir umsögn um drög að þingsályktunartillögu um matvælastefnu.

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) fagna áformum um þingsályktun um matvælastefnu. Samtökin taka undir þær áherslur sem settar eru fram í greinargerðinni um að meginþættir matvælastefnu framtíðarinnar eru að treysta fæðuöryggi, tryggja matvælaöryggi og sjálfbæra landnýtingu ásamt því að auka verðmætasköpun og samkeppnishæfni.

Ljóst er að mikil tækifæri blasa við íslenskri matvælaframleiðslu á næstu árum og áratugum og því er mikilvægt að stefnumörkun stjórnvalda, á hverjum tímapunkti, endurspegli þessi tækifæri, allri virðiskeðju matvælaframleiðslunnar til hagsbóta og þjóðinni til heilla.


Eins og í fyrri umsögnum um stefnur og áherslur í matvælaframleiðslu Íslandi þá fagna samtökin því að ráðherra hafi í hyggju að styrkja stoðir íslenskrar matvælaframleiðslu. Mikilvægt er að efla enn frekar stuðningssumhverfi nýsköpunar á sviði matvæla og er fagnaðarefni að lögð verði áhersla á að auka rannsókn- og þróunarstaf. Slíkt fæst einungis með stóreflingu fjárfestingar hins opinbera í menntun á sviði matvæla. Er slík fjárfesting nauðsynlegt til að hægt sé að takast á við þær alvarlegu áskoranir og þau miklu tækifæri sem blasa við íslensku samfélagi er snúa að fæðu- og matvælaöryggi, sjálfbærni, aukinni verðmætasköpun og samkeppnishæfni.

Samtökin vilja benda á að árið 2018 sameinuðust íslenskir matvælaframleiðendur um þær áherslur að verða framúrskarandi á heimsvísu með sérstakri áherslu á sjálfbærni, umhverfisvernd, hreinleika, rekjanleika og öryggi. Sú stefna, sem byggð var á sterkum grunni og mótuð með aðkomu ólíkra aðila, varð síðar einn af hornsteinum í matvælastefnu sem forsætisráðherra kynnti í desember árið 2020, Matarauðlindin Ísland, matvælastefna til ársins 2030.

Rúmu ári síðar voru lög fram drög að greinargerð um áherslur og verklag við stefnumótun á sviði matvæla á kjörtímabili ríkisstjórnar Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs sem hófst 28. nóvember 2021. Í greinargerðinni er tilgreind fyrirætlan matvælaráðuneytis að leggja fram þingsályktunartillögu að matvælastefnu sem ætlað yrði að vera leiðarstef í matvælaframleiðslu á Íslandi. Tekið er fram að stefnumótun sem er að finna í greinargerðinni væri ekki tæmandi fyrir stefnumótun ráðuneytisins á kjörtímabilinu. Þar kæmi til önnur stefnumótun sem „mun hins vegar leiða af og byggja á þeim grunni sem markaður er í matvælastefnu og undirstefnum hennar.“

Í þessum drögum af þingsályktunartillögu um matvælastefnu segir að matvælaráðuneytið sé með henni að ákveða að útfæra nánar þá þætti matvælastefnunnar sem heyra undir ráðuneytið. Þá er sérstaklega tekið fram að sú vinna sem fram kemur í þeim drögum sem hér eru kynnt „er ekki ætlað að fella fyrri stefnumótun úr gildi, heldur styrkja stoðir hennar, einkum þær sem heyra undir matvælaráðuneytið“. Er það skilningur samtakanna að fyrri stefnumótun muni þá standa áfram sem stefnumótun fyrir Ísland á sviði matvæla en að hin nýja stefna verði stefna matvælaráðuneytisins sem taki mið af henni.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins



Gunnar Sigurðarson,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði